

Ed.

814. Breytingartillögur

[15. mál]

við frv. til laga um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg.

Frá Ragnari Arnalds og Stefáni Jónssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Ríkissjóði er heimilt að taka innlent eða erlent lán allt að 2 000 milljónum króna á næstu fjórum árum.
2. 2.—6. gr. falli niður.
3. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
Lán þetta skal notað til að byggja upp hringveginn umhverfis landið og tengibrautir út frá honum. Fé þessu skal þó ekki varið til að leggja varanlegt slitlag á hraðbrautir.
4. Fyrirsögn frv. verði: Frv. til l. um lán til framkvæmda við hringveginn umhverfis landið og tengibrautir út frá honum.
5. **Til vara:**
 2. mgr. 7. gr. verði:
Fé þessu skal þó ekki varið til að leggja varanlegt slitlag á hraðbrautir.